



Skáld í skólum

Að laumast til að lesa – Hetjusögur af höfundum!



Kristjana Friðbjörnsdóttir og **Ævar Þór Benediktsson** leiða saman hesta sína í stórskemmtilegri dagskrá fyrir yngstu bekkni grunnskóla. Hvað er eiginlega svona spennandi við bækur? Getur bók gleypst mann með húð og hári? Getur sögupersóna orðið vinur manns?

Kristjana og Ævar rifja upp bækurnar sem þau lásu í æsku og rannsaka með hávísindalegum aðferðum hvernig þær hafa áhrif á skrif þeirra í dag. Þau segja frá ævintýralegum bókasafnsferðum, stórhættulegum andvökunóttum og listinni að laumast til að lesa þegar þú átt að vera að gera eitthvað allt annað.

Kristjana Friðbjörnsdóttir er kennari að mennt og kenndi í grunnskólum um árabíl en starfar nú sem rithöfundur og náms-efnishöfundur. Hún er höfundur bókaflökkanna um Fjöla Fífls og Ólafiu Arndísi. Fyrir bókina *Flateyjarbréfin* hlaut hún Barnabókaverðlaun menntaráðs árið 2011 auk þess sem *Reisubók Ólafíu Arndísa* var framlag á heiðurslista IBBY árið 2014. Kristjana hlaut Vorvindaviðurkenningu IBBY á Íslandi árið 2014 fyrir framlag sitt til barnamenningar.

Ævar Þór Benediktsson er leikari og rithöfundur. Hann hefur unnið barnaefni fyrir bæði útvarp og sjónvarp í fjölda ára, en er líklega þekktastur fyrir persónuna Ævar vísindamann. Hann skrifaði bókina *Þína eigin þjóðsögu*, en fyrir hana hlaut hann Bóksalaverðlaunin 2014 og Bókaverðlaun barnanna 2015 fyrir bestu íslensku barnabókina. Hann hefur einnig skrifað þrjár bækur undir nafni Ævars vísindamanns, nú síðast *Risaeðlur í Reykjavík*, sem unnin var samhliða lestrarátaki sem Ævar stóð fyrir síðastliðinn vetur. Þá hlaut hann Edduverðlaunin 2015 fyrir í þættina um Ævar vísindamann.

Dagskráin hentar best **1. – 4. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Dagskrá um Laxness

Leikurinn að skrifa sögu

Þegar **Halldór Laxness** var lítill strákur vissi hann ekkert skemmtilegra en að leika sér við að búa til sögur. Hann uppgötvaði hvernig saga yrði til þegar hann lék sér með dúkkurnar sínar. **Auður Jónsdóttir** skrifaði bókina *Skrýtnastur er maður sjálfur* um afa sinn þegar hann var lítill strákur og í henni segir frá því hvernig leikir stráksins urðu með tímanum að fjölda bóka.

Í þessari dagskrá er sagt frá ævi hans, ævintýrunum í sveitinni þegar Laxness var lítill strákur, ferðum hans seinna á ævinni um allan heiminn, fólkinu sem hann hitti, áhrifunum sem það hafði á hann og sem hann hafði á það. Einnig er sagt frá hundunum hans og hvernig það er nú að drekka hundamjólk! Og hvernig krakkar geta búið til stórkostlegar sögur úr öllu því sem þau lifa, hvort sem þau prófa að drekka hundamjólk eða ekki. **Þórarinn Leifsson** skrifar og teiknar bækurnar sínar og veit fátt skemmtilegra en að búa til bók. Hann segir frá því með hvaða hætti er hægt að láta hugmyndir verða að sögum og myndum í bók.



Skáld í skólum

Lífið er lífshættulegt!

Arndís Þórarinsdóttir og **Gunnar Helgason** tala um það af hverju þeim finnast barnabækur vera miklu meira spennandi en allar aðrar bækur. Þau tala um háskann sem býr í hverri blaðsíðu jafnvel hversdagslegustu ævintýra og velta fyrir sér hver sé galdurinn í góðri sögu sem fær hjartað til að slá hraðar.

Jafnframt fræða þau nemendur um það af hverju þau sækjast sjálf eftir lífshættunni sem listsköpun krefst, en það hlýtur að felast einhver klíkkun í því að leggja ítrekað innstu hugsanir sínar og tilfinningar í dóm ókunnugra.

Í dagskránni fjalla Gunnar og Arndís um eigin bækur og annarra, lesa kafla úr verkum sínum og veita innsýn í störf rithöfunda.



Arndís Þórarinsdóttir er deildarstjóri á Bókasafni Kópavogs og hefur jafnframt sinnt skáldskap, þýðingum og blaðamennsku. Hún gaf út sína fyrstu skáldsögu, *Játningar mjólkurfenskálds*, árið 2011, en bókina var tilnefnd til Norrænu barnabókaverðlaunanna 2013. Síðan þá hefur Arndís skrifað fyrir Námsgagnastofnun, þar á meðal tvær stuttar skáldsögur fyrir mið- og unglingastig.



Gunnar Helgason er leikari og leikstjóri sem hefur í auknum mæli snúið sér að því að skrifa bækur fyrir börn og unglinga. Fótboldasögur Gunnars um Jón, Rósu og félagi hafa átt miklum vinsældum að fagna og nú stendur yfir undirbúningur að kvikmyndun á fyrstu bókinni, *Viti í Vestmannaeyjum*. Næsta bók Gunnars mun þó ekki fjalla um fótbolta og erfiðan pabba heldur um klikkaðar mömmur.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Skáld í skólum

Málvirkjar



Rafvirkinn kemur á sambandi og virkjar rafmagníð en hvað gera þá málvirkjar? Það er fólk sem reynir að virkja orðin og finna alls konar leiðslur, búa til alls konar samband í þeirri von að hugmyndir kvikni og tengingar verði til þar sem áður var ekki neitt. Rithöfundar hafa ekkert áþreifanlegt í höndunum í sinni vinnu en nota orðin og tungumálið, hugmyndir og tilfinningar, sögurnar allt í kringum okkur og sambandið milli okkar. Hægt er að fara ótal leiðir að því að virkja málið með þessum hætti og þau **Steinunn Sigurðardóttir** og **Guðmundur Andri Thorsson** hafa nálgast viðfangsefnið á mjög ólíkan hátt. Steinunn yrkir ljóð og skrifar skáldsögur en Guðmundur Andri skrifar pistla í blöð og býr til skáldsögur. Þau segja frá sjálfum sér og hvort öðru, ólíkum aðferðum sínum við að skrifa og skálda, tala um orðagaldurinn og leikinn með orð og það hversu mikilvæg orðin geta verið fyrir okkur öll í lífinu til að hjálpa okkur til skilnings á öðru fólki og sjálfum okkur.



Guðmundur Andri Thorsson lærði íslensku í Háskóla Íslands og hefur starfað sem blaðamaður, ritstjóri og yfirlesari í mörg ár. Hann hefur skrifað nokkrar skáldsögur og smásögur og á hverjum mánuðegi birtir hann pistil í Fréttablaðinu. Hann hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir ritstörf sín, m.a. barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur árið 2008 fyrir þýðingu sína á Bangsimon eftir A.A. Milne. Guðmundur Andri býr á Álftanesi og spilar á gítar og syngur með hljómsveit sem kemur eiginlega aldrei fram.

Steinunn Sigurðardóttir hóf rithöfunduferilinn 19 ára gömul þegar ljóðabókin *Sifellur* kom út. Auk ljóðabóka hefur hún sent frá sér smásögur, skáldsögur, barnabók, viðtalsbók og leikrit bæði fyrir sjónvarp og útvarp. Hún hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 1995 fyrir skáldsöguna *Hjartastað* og Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar féllu henni í skaut 2014. Bækur Steinunnar hafa verið þýddar og gefnar út á fjölda tungumála.

Dagskráin hentar **8. – 10. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Auður Jónsdóttir er fjölhæfur höfundur og hefur skrifað skáldverk bæði fyrir fullorðna og börn auk þess sem hún tekur virkan þátt í þjóðlífinu með beittum pistlum sínum. Hún nýtir eigin lífsreynslu á frjóan og skemmtilegan hátt í verkum sínum. Það á ekki síst við um verðlaunaskáldsöguna *Ósjálfrátt* (2012). Bækur hennar hafa notið mikillar hylli lesenda og gagnrýnenda allt frá fyrstu tíð.



Þórarinn Leifsson, rithöfundur og myndlistarmaður, birti fyrstu texta sína í myndasögum í dagblöðum og tímaritum. Hann skrifaði síðan barnasöguna *Algjört frelsi* (2001) ásamt Auði Jónsdóttur, en ferill hans sem rithöfundur hófst þó fyrst í alvöru þegar *Leyndarmálið hans Pabba* kom út árið 2007. Í kjölfarið kom *Bókasafn Ömmu Huldar* (2009) og svo *Maðurinn sem hataði börn* (2014) sem hlutu afbragðs viðtökur.

Dagskráin hentar best **5. – 7. bekk**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Dagskrá um Laxness

Halldór Laxness á hundavaði

Hljómsveitin **Hundur í óskilum** sem þekkt er fyrir að skauta í gegnum Íslandssöguna á einni kvöldstund tekst hér á við Nóbelskaldið og afgangur hann á sama hátt; þ.e.a.s. á hundavaði. Á 40 mínútum fara þeir **Eiríkur Stephensen** og **Hjörleifur Hjartarson** í gegnum nokkrar af þekktustu skáldsögum Halldórs í tali og tónum. Með alvöruleysið að vopni rekja þeir söguþráð *Sjálfstæðs fólks* undir þekktu bítlalagi. Frægustu setningar *Íslandsklukkunnar* eru uppistaða annars hljóðgjörnings. Á milli eru sungin ljóð eftir Halldór, sagt frá bókum hans og öllum brögðum beitt til að opna sagnaheim hans fyrir unglíngum.

Hljómsveitin **Hundur í óskilum** tók til starfa árið 1994 og hefur nú spilað linnulaust í tuttugu ár. Á seinni árum hefur hún látið að sér kveða á leiksviði og hreptu þeir Hjörleifur og Eiríkur grímuverðlaun fyrir tónlistina í hátíðaruppfærslu Þjóðleikhússins á *Íslandsklukkunni* árið 2010 og einnig fyrir tónlistina í *Sögu þjóðar* sem sett var upp hjá LA 2012. Þá hefur sveitin gefið út tvo hljómdiska: *Hundur í óskilum* og *Hundur í óskilum snýr aftur*.

Hjörleifur Hjartarson er tónmenntakennari að mennt en hefur fengist jöfnum höndum við tónlist og skrifir um árabíl. Hann hefur komið að nokkrum leiksyningum hjá LA og eftir hann liggja ritmiðar af ýmsum toga; leikrit, ljóð, söngleikir, prósi og þýðingar.

Eiríkur Stephensen er menntaður blásarakennari og tónfræðingur frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hann er skólastjóri Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Eiríkur tók þátt í uppfærslu LA á *Rummungi ræningja* 1998 og *Íslandsklukkunni* hjá Þjóðleikhúsinu 2010.

Dagskráin **hentar öllum aldurshópum**

Lengd: 40 mín. Tækjakostur: Hljóðkerfi með 2 hljóðnemum og tölva með skjávarpa.



Skraddarasniðnar dagskrár

Höfundar að eigin vali

Vert að minna á að margir höfundar bjóða upp á skemmtilegar dagskrár, þar sem þeir fjalla um verk sín og bókmenntir í stærra samhengi. Skólar, stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök geta leitað til Höfundamiðstöðvar, sem veitir upplýsingar og hefur milligöngu um að bóka slíkar dagskrár og veitir líka ráðgjöf varðandi námskeið og aðra viðburði sem rithöfundar koma að.

Upplýsingar í síma: 568 3190
www.rsi.is/hofundamidstod
rsi@rsi.is



Skáld í skólum

Sígildar dagskrár

Skraddarasniðnar dagskrár

Bókmenntaverkefnið **Skáld í skólum** hóf göngu sína haustið 2006 og hefur því slitið barnskónum. Allt frá upphafi tóku grunnskólar landsins því fagnandi, enda um margt nýstárlegt þar sem ólíkum höfundum er teft saman og dagskrárnar sem í boði hafa verið úr ýmsum áttum. Þegar hafa um 50 mismunandi dagskrár orðið til innan vébanda verkefnisins og það er í stöðugri þróun.

Á þessu hausti er boðið upp á tvær mismunandi dagskrár sem tengjast Halldóri Laxness, en nú eru liðin 60 ár frá því að hann hlaut Bókmenntaverðlaun Nóbels, en að auki eru svo 3 hefðbundnari dagskrár fyrir mismunandi skólastig.

Tímabil á haustönn:

20. október – 16. nóvember 2015

Frestur til að panta dagskrár er til
25. september 2015

Verð miðast við fjölda áhorfenda
250 krónur á hvern nemanda
en lágmarksgreiðsla er þó 25.000,- kr.

Upplýsingar í síma 568 3190
rsi@rsi.is
www.rsi.is/hofundamidstod

Höfundamiðstöð og Skáld í skólum
njóta stuðnings
Menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar.



“Það er sætt að sofa,
og syfa í draumlönd inn.
Dáid er allt án drauma
og dafur heimurinn.”
— HALLDÓR LAXNESS

Skáld í skólum

Bókmenntadagskrár
fyrir börn og unglíngja
Haust 2015

Höfundamiðstöð RSÍ